



MICHELSEN  
ÚRSMÍÐIR SÍÐAN 1909

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík  
511 1900 - www.sviss.is



ROLEX

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Gleðilegt  
nýtt ár!  
**GUDJÓNÓ**  
VISTVÆN PRENTSMÍÐJA  
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 29. desember 2010 – 14. tölublað – 6. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 **visir**

## EFNISYFIRLIT

Peir sem héldu um taumana í atvinnulífinu hafa misst völd. En hverjir koma í staðinn?

Síður 8-9

Líklegra er að vöxtur verði í hugverkaiðnaði en grunnatvinnuvegum næstu ár.

Síða 10

Erfitt ár að baki en teikn eru um að landið farið að rísa.

Síða 12

Lífróður til varnar evru og bönkum: Erlendur annáll.

Síða 14



## Ríkið hefur vinninginn

Umsvif hins opinbera hafa aukist mikið eftir að fjármálageirinn hrundi. Óvissan endurspeglast í vali dómnefndar Markaðarins á eftirtektarverðustu viðskiptum ársins.

**H**ið opinbera var umsvifamikið í íslensku hefnahagslífi á árinu. Val dómnefndar Markaðarins, fylgirit Fréttablaðsins um viðskipti, endurspeglar erfitt umhverfi, gjaldeyrishöft og hrundi fjármálakerfi. Dómnefndin tilnefndi 24

einstaklinga sem hafa látið að sér kveða í viðskiptalífinu á árinu sem er að líða og fimmtán viðskiptasamningar eru taldir standa upp úr. Sex viðskipti, eða misheppnaðar tilraunir til viðskipta, flokkast til slæmra gjörninga. Þótt

einn einstaklingur standi upp úr sem maður ársins í viðskiptalífinu var það með naumindum. Sá er Lee C. Buchheit, formaður Icesave-samninganefndarinnar, sem aldrei hefur stundað viðskipti á Íslandi. - jab / sjá nánar á næstu síðum

LINDBERG.COM



**LINDBERG KID/TEEN**  
margverðlaunaðar barnaumgjörðir  
sem farið hafa sigurför um heiminn

– vega aðeins 2,3 grömm eða 0,01% af meðalþunga 6 ára barns

3ja ára ábyrgð!

**Optical Studio**

SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK





FRAMÁMENN Í ÍSLENSKU VIÐSKIPTALÍFI HÖFÐU EKKI ROÐ VIÐ BUCHHEIT Jón Sigurðsson, forstjóri stoðtækjafyrirtækisins Össurar, Jón Ágúst Þorsteinsson, forstjóri Marorku, og Hilmar Veigar Pétursson, forstjóri CCP.

# Ríkið áberandi í viðskiptum

Margir voru nefndir þegar dómnefnd Markaðarins valdi mann viðskiptalífsins. Fjármálakerfið er nær allt á hendi skilaneftnda, ríkis eða lífeyrissjóða og hagkerfið í gjaldeyrishöftum. Þetta umhverfi endurspegladist í vali á manni viðskiptalífsins. **Jón Aðalsteinn Bergsveinsson** skoðaði val nefndarinnar.

**A**lls voru 24 einstaklingar tilnefndir í flokk þeirra sem þóttu hafa skarað fram úr í viðskiptalífinu á árinu sem er að líða.

Dómnefndin var skipuð þrettán einstaklingum sem snerta viðskiptalífið með einum eða öðrum hætti, háskólakennarar eða stjórnendur í atvinnulífinu. Hún hafði frjálsar hendur um val bæði þeirra sem hún taldi hafa skarað fram úr á árinu auk bestu og verstu viðskipta ársins. Hver átti að tilnefna þrjá sem hann taldi hafa staðið upp úr. Sá sem fyrstur varð fyrir valinu fékk þrjú stig, sá næsti tvö stig og sá þriðji eitt.

Erfitt ár í viðskiptalífinu í skugga gjaldeyrishafta, fjárhagslegrar endurskipulagningar og varhugur samfélagsins gagnvart þeim sem standa upp úr

endurspeglast í vali dómnefndar Markaðarins. Undantekning var ef tveir úr dómnefnd tilnefndu sama einstaklinginn, hvað þá að þeir settu viðkomandi í fyrsta sæti í vali sínu.

Hér er gerð grein fyrir þeim sem dómnefnd Markaðarins tilnefndi fyrir afrek sín á sviði viðskiptalífsins á árinu.

## 1. SÆTI: LEE C. BUCHHEIT

Lee C. Buchheit, formaður íslensku Icesave-samninganefndarinnar, var af álitsgjöfum Markaðarins talinn sá einstaklingur sem hefði mestu áorkað fyrir íslenskt viðskiptalíf á árinu. Samninganefndin, undir forystu Buchheit, kynnti nýtt samkomulag í Icesave-deilunni í byrjun desember sem þótti mun hagstæðara fyrir þjóðina en fyrri samningar.

## 2. SÆTI: HILMAR V. PÉTURSSON

Hilmar V. Pétursson hefur síðastliðin sex ár verið forstjóri tölvuleikjaframleiðandans CCP sem á og rekur fjölþátttölkuleikinn EVE Online, sem sló met í hittifyrri þegar áskrifendur urðu 320 þúsund talsins, eða rúmlega allir Íslendingar. Fyrirtækið var stofnað árið 1997 og þekking þeir sem starfað hafa hjá fyrirtækinu frá upphafi hvað það þýðir að eiga við krefjandi aðstæður að etja. Hilmar er þar á meðal. CCP rekur skrifstofur í Bandaríkjunum, Bretlandi og í Kína og er með nokkra leiki í smíðum, þar á meðal skotleikinn Dust 514, sem sagður er valda byltingu í tölvuleikjageiranum.

Hilmar var maður ársins í viðskiptalífinu í fyrra ásamt Jóni Sigurðssyni, forstjóra stoðtækjafyrirtækisins Össurar.

Um Hilmar sagði einn í dómnefnd Markaðarins: „Þeir eru fáir sem átta sig á því hvað CCP er að gera ótrúlega hluti. EVE Online er einstakt fyrirtæki í leikjaheiminum. Áskriftartekjurnar mala gull fyrir fyrirtækið. Hilmar og félagar tefla samt djarft og allur ágóði rennur í þróun næstu leikja og í hraðan vöxt. Þrautseigjan við að koma fyrirtækin á þann stað sem það er á núna er addáunarverð og gefur góð fyrirheit um framtíðina.“

## 3. SÆTI: JÓN Á. ÞORSTEINSSON

Marorka hefur síðastliðin tólf ár unnið að þróun og framleiðslu á orkustjórnunarkerfi fyrir skip með það að marki að draga úr olíunotkun skipa og þar með eldsneytiskostnaði og mengun. Hugmyndin að fyrirtækinu

spratt upp úr doktorsverkefni stofnandans og framkvæmdastjórans Jóns Ágúst Þorsteinssonar þegar hann var við námi í vélaverkfræði við Álaborgarháskóla. Kerfi Marorku hafa verið sett upp í skip af ýmsum stærðum og gerðum. Fyrirtækið hefur vaxið hægt og bitandi. Einn í dómnefnd Markaðarins telur fyrirtækið geta vaxið frekar á næstu árum í takt við hækkandi orkuverð.

Margt er fram undan hjá Marorku en Jón Ágúst greindi frá því í maí að fyrirtækið stefndi að skráningu á First North-hliðarmarkaðinn hér og í Ósló í Noregi í mars á næsta ári. Gangi það eftir verður skráning fyrirtækisins sú fyrsta hér síðan Skipti, móðurfélag Símans, var skráð á markað í Kauphöllina 19. mars 2008.

## LEE C. BUCHHEIT

# Eldklár en lítillátur lögmaður

Lee C. Buchheit var svo sannarlega ekki á hvers manns vörum á Íslandi í upphafi ársins 2010. Alþingi hafði nýlengi við að samþykkja samning um lausn á Icesave-deilunni sem mikil andstaða var við í þjóðfélaginu. Hinn 5. janúar neitaði Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, að skrifa undir samninginn og vísaði honum í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þar var samningnum hafnað og lausn á Icesave-málinu virtist í kjölfarið eins fjarlæg og nokkru sinni. Það var inn í þessa atburðarás sem þessi hógværi bandaríski lögmaður gekk í febrúar síðastliðnum.

Buchheit hafði fylgst vel með framvindu Icesave-deilunnar frá því að hann kom hingað til lands í boði stjórnvalda í desember 2008. Hann hefur gert skuldamála þjóðríkja að ævistarfi sínu og fannst Icesave-málið strax frá upphafi áhugavert vegna þeirra starfa. Buchheit var fenginn til að leiða nýja samninganefnd Íslands í deilunni í febrúar og eftir því sem árið leið bærust reglulega fréttir af fundum í London en enginn vissi í raun hvað var að eiga sér stað í samningaviðræðunum. Í byrjun desember kynnti nefndin svo niðurstöður viðræðanna og hlaut í kjölfarið lof úr öllum kimum samfélagsins. Samningurinn sem nefndin kom með til Íslands var langtum hagstæðari en fyrri samningar og gaf þjóðinni von um að loks sæi fyrir endann á þessari langvinnu deilu.

Þessi árangur samninganefndarinnar undir forystu Buchheits þótti svo góður að



LEE BUCHHEIT Formaður íslensku Icesave-samninganefndarinnar á stóran þátt í að landa samningi sem gæti höggvið á skuldahlekkri þjóðarinnar um árabíl – það er að segja ef allar forsendur ganga eftir. MARKAÐURINN/ANTON

þó að hann sé strangt til tekið ekki þátttakandi í íslensku viðskiptalífi fannst álitsgjöfum Fréttablaðsins hann engu að síður vera sá einstaklingur sem hefði mestu áorkað fyrir íslenskt viðskiptalíf.

Þegar Fréttablaðið hafði samband við

Buchheit vegna útnefningarinnar sagðist hann djúpt snortinn. Það væri þó rangt að útnefna sig sem einstakling þar sem hann hefði ekki veitt nefndinni eiginlega forystu, nefndin í heild sinni ætti útnefninguna heldur skilda.

## AÐRIR SEM NEFNDIR VORU

Margir komu fyrir í fyrsta og öðru vali dómnefndar og hlutu stig í samræmi við það. Þeir eru eftirtaldir í stafrófsröð:

### 4.-13. sæti

Árni Samúelsson	stofnandi Sam-bíóanna
Birkir Guðnason	forstjóri Icelandair
Björn Lárus Örvar	forstjóri ORF Líftækni
Inga María Guðmundsdóttir	stofnandi Dressupgames.com
Halla Tómasdóttir	stjórnarformaður Auðar Capital
Jón Sigurðsson	forstjóri Össurar
Kristín Pétursdóttir	forstjóri Auðar Capital
Ross Beaty	forstjóri Magma Energy
Simmi og Jói	stofnendur Hamborgarafabrickunnar
Vilborg Einarsdóttir	stofnandi og framkvæmdastjóri Mentor

### 14.-19. sæti

Birna Einarsdóttir	bankastjóri Íslandsbanka
Jónsi	tónlistarmaður og söngvari Sigur Rósar
Ólafur Torfason	hótelstjóri Reykjavík Hotels
Sigrún Lilja Guðjónsdóttir	stofnandi Gyðja Collection
Stefán Hrafnkelsson	forstjóri Betware
Theo Hoen	forstjóri Marel

### 20.-24. sæti

Gestur G. Gestsson	forstjóri Skýrr
Jón Gnarr	borgarstjóri í Reykjavík og stofnandi Besta flokksins
Róbert Wessman	forstjóri Alvogen
Skúli Gunnar Sigfússon	stofnandi og eigandi Subway-keðjunnar
Skúli Mogensen	fjárfestir

# Alvöru FLUGELDAR

á alvöru verði

★★★★★ Margverðlaunaðir flugeldar

EINN VEGLEGASTI FJÖLSKYLDUPAKKINN  
Á MARKAÐNUM Í DAG!

**Risa**  
**pakkin**  
AÐEINS KR.  
**12.900.-**



Alvöru  
FLUGELDAR

Ávísun

5.000 kr

Greiðð gegn Handhafa

Krónur Fimmþúsundkrónur 00/100

Dags. Gildir áramótin 2010/2011

Alvöru Flugeldamarkaðurinn

Ef þú kaupir fyrir 18.000 kr. þá færðu næstu 5.000 kr. frítt með því að framvísa þessari ávísun. Gildir ekki af tilboðum.

Kíktu við á einhverjum af sölustöðum okkar:

**REYKJAVÍK**

Mörkin 1

Einar 899 6005

**REYKJAVÍK**

Stórhöfði 26, við Gullinbrú

Rúnar 660 0565

**REYKJAVÍK**

Malarhöfði, hjá bill.is

Óli 777 5700

**GARÐABÆR**

HAFNFIRÐINGAR ATH.  
NÝJA STAÐSETNINGU

Miðhraun 2, rétt hjá IKEA

Guðni 618 4115 / Emil 694 4150

**KÓPAVOGUR**

Bæjarlind 14-16, rétt hjá Players

Jóhann & Ragnar 694 8201

**KÓPAVOGUR**

Smíðjuvegur 6c

Gunnar Ingi 662 8553 & Hanna 618 4115

**KEFLAVÍK**

Holtsgata 52, við Grænásbrekku

Óli 692 8770 / Pálmi 698 3521

**AKUREYRI**

Glerárgata 36, (áður Dagsljós)

Steinar 820 4801

Opið 28.-30. kl. 10:00-22:00 og 31. kl. 10:00-16:00.

## BESTU VIÐSKIPTI ÁRSINS 2010



**NÝR SAMNINGAR KYNNTIR Í IÐNÓ** Nýr Icesave-samningur var kynntur í Iðnó í byrjun desember. Auk Guðrúnar Þorleifsdóttur, stjórnarformanns Tryggingarsjóðs innstæðueigenda, eru á myndinni fulltrúar íslensku samninganefndarinnar, þeir Einar Gunnarsson, Jóhannes Karl Sveinsson, Lee C. Buchheit og Guðmundur Árnason. MARKAÐURINN/VALLI



**SAMNINGURINN INNSIGLAÐUR** Már Guðmundsson seðlabankastjóri innsiglaði kaup á Avens-skulda-bréfaþakkinum í Lúxemborg í maí. Við undirritun skiptist hann á gjöfum við kollega sinn, Yves Mersch, bankastjóra Evrópska seðlabankans í Lúxemborg. MYND/SEÐLABANKI ÍSLANDS

# Icesave-samningarnir bestir

Pótt erfiðleika hafi gætt í viðskiptalífínu í kjölfar bankahruns er ekki þar með sagt að ekkert gerist. Pótt tilnefningar um bestu viðskiptin hafi verið með fjölbreyttara móti var samstaða um að þeir samningar sem vörðuð þjóðina stæðu upp úr. **Jón Aðalsteinn Bergsveinsson** skoðaði tilnefningarnar.

**D**órnnefnd Markaðarins tilnefndi fimmtán viðskipti sem þau bestu á árinu. Tilnefningarnar voru allt frá viðsnúningi í afkomu, markaðssetningu, kosningasigrum í borgarstjórnarkosningum til umfangsmikilla samninga sem ekki sér fyrir endann á enn.

Það voru einmitt stærstu og þýðingarmestu samningar sem voru dómnefnd Markaðarins ofarlega í huga og flestir nefndu oftast.

Sambærileg tilhögun var á vali á bestu viðskiptum ársins og við val á þeim einstaklingi sem þótti skara fram úr í viðskiptalífínu á árinu. Ekki var þó val um tvö eða fleiri viðskipti sem raðað var eftir vægi.

## 1. SÆTI: NÝTT ICESAVE-SAMKOMULAG

Nýtt samkomulag í Icesave-deilunni flokkast til viðskipta ársins, að mati dómnefndar Markaðarins. Samkomulagið felur í sér að þeir fjármunir sem fást úr þrotabúi gamla Landsbankans muni ganga upp í greiðslur á láni frá Bretum og Hollendingum sem veitt var til að greiða þeim sem átt höfðu innstæður á Icesave-reikningum Landsbankans í löndunum tveimur. Niðurgreiddar upphæðir safna ekki vöxtum fram í tímann.

Miðað við forsendur samkomulagsins sem Icesave-samninganefndin kynnti í byrjun desember bera lánin frá Hollendingum 3,3 prósentu vexti en Bretum 3,0 prósentu vexti. Endurgreiðslur eiga að hefjast eftir áramót og stefnt á að þeim verði lokið í síðasta lagi árið 2046. Ýmsir fyrirvarar eru við samninginn, svo sem þeir að þak er á árlegar greiðslur ríkisins eftir 2016 og miðast þær við fimm

## DÓMNEFND MARKAÐARINS

Árelía E. Guðmundsdóttir, dósent við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands
Ásta Dís Óladóttir, framkvæmdastjóri Fríhafnarinnar
Dögg Hjaltalín, verslunarstjóri Bókabúðar Máls og menningar
Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands
Gísli Hauksson, framkvæmdastjóri GAM Management
Guðrún Johnsen, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík
Hjálmar Gíslason, framkvæmdastjóri DataMarket
Valdimar Halldórsson, sérfræðingur hjá ráðgjafafyrirtækinu IFS
Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar
Ólafur Ísleifsson, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík
Snæfríður Baldvinsdóttir, aðjúnkt við viðskiptadeild Háskólans á Bifröst
Vilhjálmur Bjarnason, lektor við hagfræðideild Háskóla Íslands
Þórður Friðjónsson, forstjóri Nasdaq OMX Iceland

prósent af tekjum ríkisins á fyrra ári. Nemi eftirstöðvar höfuðstóls lánsins innan við 45 milljörðum króna árið 2016 greiðist þær innan tólf mánaða. Áætlað er að kostnaður ríkisins vegna þessa muni nema 47 milljörðum króna.

Til samanburðar báru lánin 5,5 prósentu vexti í þeim samningum sem felldir voru í þjóðarþakvæðagreiðslu í mars. Samkvæmt þeim átta endurgreiðslur að hefjast árið 2016 og ljúka sex árum síðar með möguleika á framlengingu til 2030. Áætlaður kostnaður ríkisins nam 162 milljörðum króna.

Dómnefndin virtist sammála um að ákvörðun þjóðarinnar að hafna samningunum sem kosið var um í mars hafi sparað þjóðarbúinu gríðarlegar fjárhæðir.

## 2. SÆTI: KAUP Á AVENS-SKULDABRÉFUNUM

Seðlabanki Íslands samdi í maí um kaup á Avens-skulda-bréfaþakkinum svokallaða sem var í eigu Seðlabankans í Lúxemborg. Þakkin var samansafn íslenskra íbúðabréfa og innstæða sem gamli Landsbankinn hafði tekið saman til að verða sér úti um lausafé þegar lánsfjármarkaðir voru að lokast.

Skuldaþakkin kostaði Seðlabankann 120 milljarða króna. Um afar mikilvæg kaup var að ræða enda jafngilti Avens-pakkinn fjórðungi af öllum krónueignum erlendra aðila, sem festar voru inni með handfli með innleiðingu gjaldeyrishafta fyrir rétt rúmum tveimur árum og koma áttu í veg fyrir að erlendir fjárfestar færu með fé sitt úr landi.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri sagði í samtali við Fréttablaðið kaupsamninginn marka mikilvægasta áfanga fyrir Seðlabankann enda um að ræða fyrsta sambandið við erlendan seðlabanka eftir efnahagshrunið. Þá reiknaði hann með að gengi krónunnar myndi styrkjast hraðar í kjölfarið. Það gekk eftir samdægurs; gengið styrktist um 1,7 prósent og endaði í 217 stigum. Gengisvísitalan hefur nú rambað sitthvoru megin við 207 stigin um nokkurt skeið.

Hvað sem því líður hafa kaupin dregið úr áhættu vegna erlendrar krónueigna hér auk þess sem þau bættu stöðu ríkissjóðs umtalsvert.

## Setur nýsköpun efst á blað



**LEKTORINN** Útflutningur á heilbrigðisþjónustu frá Mosfellsbæ er dæmi um nýsköpun, að mati Ólafs Ísleifssonar. MARKAÐURINN/CVA

Viðskiptafólk ársins ryður brautir á innlendum og erlendum markaði með nýrri vöru og þjónustu, til dæmis á vettvangi hvers kyns hönnunar og nýsköpunar, að mati Ólafs Ísleifssonar, lektors við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík. Hann bendir á að dæmi um slíka nýsköpun sé útflutningur á heilbrigðisþjónustu eins og nýtt fyrirtæki í Mosfellsbæ hefur lagt drög að.

Ólafur segir, líkt og fleiri í dómnefnd Markaðarins, ekkert koma upp í hugann sem fallið geti í flokk með viðskiptum ársins.

Hin umdeildustu telur hann hins vegar kaup Framtakssjóðs lífeyrissjóðanna á eignarhaldsfélaginu Vestia af Landsbankanum í ágúst. Stærsta fyrirtækið innan Vestia er sjávarútvegafyrirtækið Icelandic Group. Önnur fyrirtæki og minni innan Vestia eru Teymi, móðurfélag Vodafone og fleiri fyrirtækja innan upplýsingatækni, Húsasmiðjan og Plastprent.

## Engin góð viðskipti



**VILHJÁLmur BJARNASON** „Endurreisn getur ekki hafist.“ MARKAÐURINN/STEFÁN

„Engin viðskipti voru góð á árinu og öll viðskiptin vond. Viðskiptalífið er í rúst og endurreisn getur ekki hafist,“ segir Vilhjálmur Bjarnason, lektor við hagfræðideild Háskóla Íslands.

Vilhjálmur er kaldhæðinn í tilnefningu sinni og segir þá Jón Ásgeir Jóhannesson, fyrrverandi forstjóra Baugs Group og stjórnarformann FL Group, Hannes Smáráson, fyrrverandi forstjóra FL Group, og Lárus Welding, fyrrverandi bankastjóra Glitnis, menn viðskiptalífsins.

Þremmingarnir eru á meðal þeirra sjö sem tengdust FL Group og Glitni og slitastjórn gamla bankans stefndi fyrir dómstól í New York í Bandaríkjunum í maí vegna meintra fjárvika og fyrir að sópa til sín fé úr bankanum í aðdraganda hrunsins fyrir tveimur árum. Vilhjálmur var mjög gagnrýnn á starfhætti bankastjórna Glitnis og afskipti eigenda hans af rekstrinum. Hann segir þremmingana hljóta tilnefninguna þar sem þeir geta nú um frjálst höfuð strokið og stundað eðlileg bankaviðskipti eftir að dómstóllinn vísaði máli gegn þeim frá um miðjan júlamánuðinn.

## ÖNNUR VIÐSKIPTI SEM STÓÐU UPP ÚR

**Ríkið var ekki einrátt í viðskiptalífínu, að mati dómnefndar Markaðarins. Nokkur önnur viðskipti vöktu eftirtekt. Hér eru þau ekki í neinni sérstakri röð:**

**Besti flokkurinn:** Góð markaðssetning sem skilaði flokknum borgarstjórnastólum.

**Carbon Recycling International:** Vinnur að þróun eldsneytis úr metanóli.

**Fataframleiðandinn Cintamani:** Fyrirtækið fékk nýtt fjármagn og stækkaði.

**Eimskip:** Sneri tapi í hagnað.

**Endurfjármögnun Marel:** Nýlegur samningur við sex alþjóðlega banka um langtímafjármögnun er merki um sterka stöðu.

**Fjárfesting Michael Jenkins í Fréttatímanum.**

**Kaup Auðar Capital á upplýsingaveitunni Já:** Auður Capital kemur af krafti í endurreisnina. Fyrirtækið hefur keypt hluti í fjölmörgum fyrirtækjum og þykir hafa næmt nef fyrir

áhugaverðum fjárfestingarkostum.

**Kaup Framtakssjóðsins á 30 prósentu hlut í Icelandair Group.** Kaupverðið á genginu 2,5 krónur á hlut voru afar hagstæð.

**Mentor:** Próar upplýsingakerfi fyrir skóla sem notað er í fjór-um löndum. Fyrirtækið er með skrifstofu í Svíþjóð. Stefnan er sett á frekari landvinninga.

**Útivistarframleiðandinn Nikita.**

**Samningur Thor Data Center við norska hugbúnaðarfyrirtækið Opera Software.**

**Afskriftir skulda:** Þau fyrirtæki sem fengu mestar skuldir afskrifað hafa pálmann í höndunum. Á sama tíma eru það verstu viðskiptin fyrir þjóðina sem óbeint tekur á sig afskriftirnar.

### Esselte bréfabindi, 70mm, A4

Vandaðar möppur sem endast ár eftir ár. Til í mörgum litum.



Ef keyptur er einn kassi af möppum fylgir með Pennadagbók.



Tilboð  
**290 kr.**  
Verð áður: 519 kr.

### Artline töflutússpenni

Ávalur oddur, lyktarlítill. Þornar ekki strax upp þó að gleymist að setja lokið á pennann.

Fáanlegur í bláum, grænum, rauðum og svörtum lit.

GLEÐILEGT NÝTT ÁR!

# Nýárstilboð

FYRIRTÆKJAFJÓNUSTA PENNANS  
PÖNTUNARSÍMI 540 2050



Með þér í vinnunni



Tilboð  
**64.642 kr.**  
Verð áður: 92.345 kr.

### Kinnarps skrifborðsstóll

Hæðarstillanleg seta og bak  
Dýptarstillanleg seta  
Hallastillanleg læsing  
Móttöðustilling í baki



Leitz L-möppur  
Þykkar og góðar. 5 stk. á 395 kr.

Tilboð  
**395 kr.**  
Verð áður: 790 kr.

Ódýrar möppur  
Plastklæddar, 70 mm.



Tilboð  
**299 kr.**  
Verð áður: 759 kr.

Maxell minnislykill, 8GB



Tilboð  
**3.290 kr.**  
Verð áður: 5.490 kr.

Ódýr millispjöld, 1-10



Tilboð  
**129 kr.**  
Verð áður: 325 kr.

Tilboðin gilda frá 27. desember – 8. janúar

Hafðu samband við Fyrirtækjafjónustu Pennans í síma 540 2050 eða þjónusturáðgjafa í verslunum Pennans; Hallarmúla 2, Hafnarstræti 93 Akureyri, Austurstræti 18, Kringlunni norður, Smáralind, Mjódd, Strandgötu 31 Hafnarfirði, Dalbraut 1 Akranesi, Sólvallagötu 2 Keflavík, Hafnarstræti Ísafirði, Bárustíg 2 Vestmannaeyjum og Pennanum TRS, Eyrarvegi 37 Selfossi.



Með þér í vinnunni

## VERSTU VIÐSKIPTI ÁRSINS 2010

**HÖFUÐSTÖÐVARNAR**  
Þegar skilanefnd Glitnis tók yfir rekstur Sjóvár kom í ljós að bótasjóður tryggingafélagsins var tómur.



# Björgun Sjóvár þykir klúður út í eitt

Ríkið lagði fram tæpa tólf milljarða til að bjarga tryggingafélaginu frá gjaldþroti. Þetta þykja verstu viðskipti ársins.

Þegar skilanefnd Glitnis tók yfir rekstur tryggingafélagsins Sjóvár kom í ljós að Milestone-bræðurnir Karl og Steingrímur Wernerssynir höfðu gengið þar svo illa um að félagið uppfyllti ekki lengur skilyrði um gjaldþol. Bótasjóðurinn var tómur, í stað fjármuna voru tryggingar bundnar í ótryggum fasteignum í fjarlægum löndum. Félagið var í raun gjaldþrota

og vantaði milljarða til að koma rekstrinum á réttan kjöl.

Ríkið kom til hjálpar, lagði tryggingafélaginu til tæpa tólf milljarða króna og eignaðist við það um 73 prósentu hlut, sem stýrt er af Eignasafni Seðlabankans. Aðrir hluthafar eru skilanefnd Glitnis og Íslandsbanki, sem að nær öllu leyti er í eigu skilanefndarinnar.

Sjóvá var sett í opið sölufrelsi í janúar. Þegar tilboð voru ögnuð

í mars reyndist hæsta boð, upp á um ellefu milljarða króna, frá hópi fjárfesta undir forystu Heiðars Más Guðjónssonar, athafnasmanns búsetts í Sviss. Aðrir í hópnum voru fjárfestirinn Ársæll Valfells, lektor við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, og Guðmundur og Berglind Jónsbörn, löngum kennd við útgerðarfirmatækið Sjólaskip í Hafnarfirði, auk lífeyrissjóða og fagfjárfesta.


## Sjóðir sem bera góðan ávöxt

### Fjölbreyttar sparnaðarleiðir

Þú stendur betur að vígi ef þú leggur til hliðar, hvort sem ætlunin er að spara fyrir því sem keypt er, byggja upp varasjóð eða langtímasparnað. Landsbankinn býður úrval ríkisskuldabréfa-, skuldabréfa- og hlutabréfasjóða við allra hæfi. Síðastliðna 12 mánuði skiluðu sjóðirnir betri ávöxtun en innlánsreikningar og viðmið. Fé í sjóðum má alltaf innleysa.

### Sjóðir í áskrift

Sjóðir í áskrift henta vel fyrir reglubundinn sparnað. Viðskiptavinir njóta þess að enginn munur er á kaup- og sölugengi í áskrift. Í hverjum mánuði hljóta tveir heppnir viðskiptavinir 20.000 kr. viðbót við eign sína. Dregið verður úr nöfnum þeirra sem hafa verið í áskrift að sjóðum í að minnsta kosti eitt ár.



Rekstrarfélag sjóðanna er Landsvaki hf. og vörslufélag þeirra er NBI hf. (Landsbankinn). Sjóðirnir eru starfræktir í samræmi við l. nr. 30/2003 og lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Áhætta fylgir ávallt fjárfestingu í sjóðum þar sem gengi þeirra getur bæði hækkað og lækkað. Ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur. Fjárfesting í fjárfestingarsjóði telst almennt áhættumeiri en fjárfesting í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar má finna í útboðslysingum sjóða og útdráttum úr þeim á landsbankinn.is og á landsvaki.is. Fjárfestum er bent á að kynna sér vel útboðslysingar sjóða áður en fjárfest er í þeim.

\* Nafnávöxtun í ISK sl. 12 mánuði m.v. 30. nóvember 2010

1) Sjóðurinn er verðbréfasjóður skv. lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði nr. 30/2003.

2) Sjóðurinn tók til starfa þann 7. maí 2010 og þar af leiðandi liggja upplýsingar um 12 mánaða nafnávöxtun ekki fyrir.

3) Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður skv. lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði nr. 30/2003.

Um sumarið höfðu samningar náðst að mestu, búið var að semja um greiðslur og tilheyrandi. Beðið var undirritunar seðlabankastjóra, sem innsigla átti viðskiptin. Sá lét biða eftir sér.

Um haustið tilkynnti Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, að formleg rannsókn væri hafin á ríkisbjörgun Sjóvá. Í ofanálag tók DV að fjalla um fortíð Heiðars Más, sem verið hafði framkvæmdastjóri Novators, fjárfestingarfélags í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar. Var honum brigslið um aðför gegn krónunni sem hlut átti að gengishruni hennar. Heiðar andmælti, sagðist þvert á móti hafa varað ráðamenn hér við hættunni fram undan löngu áður en halla hefði tekið undan fæti. Þá var sömuleiðis rætt um að Már Guðmundsson seðlabankastjóri væri á móti því að Heiðar kæmi að kaupnum.

Á endanum gáfust fjárfestarnir upp í nóvember og hættu við kaupin. Ekki er vitað til þess að söluferli Sjóvá verði endurtekið í allra nánustu framtíð.

#### SAGT UM SÖLUFERLIÐ

„Að leyfa ekki kaup á Sjóvá voru mestu mistök ársins þrátt fyrir að nánast öll fyrirtækjakaup og sölur séu þegar nánar er að gáð slæm. Að taka ekki hagstæðasta tilboðinu í gjaldþrota fyrirtæki er óskiljanlegt. Það er ekki hægt að réttlæta á skynsaman hátt. Þessi vandræðaháttur lýsir kannski best því ástandi sem ríkir þar sem enginn þorir að taka ákvarðanir og ákvarðanirnar sem loks eru teknar einkennast af vandræðagangi.“



## Önnur slæm viðskipti á árinu

Val dómnefndar Markaðarins um bestu og viðskipti ársins var mjög fjölbreytt. Fimm önnur viðskipti voru nefnd á meðal slæmra viðskipta á árinu. Þau eru eftirfarandi:

■ **Framlag ríkisins til VBS.** Fjárfestingarbankinn var einn þeirra sem stunduðu svokölluð ástarbréfiðskipti við Seðlabankann sem gengu út á að afla stóru viðskiptabönkunum, Glitni, Kaupþingi og Landsbankanum, lausafé þegar dyr lánsfjármarkaða voru þeim lokaðar. Þegar bankarnir fóru á hliðina stóð VBS eftir með 26 milljarða skuld við Seðlabankann. Kröfunni var breytt í lán til sjö ára til að forða VBS frá þroti. Fjárfestingarbankinn réð ekki við fyrsta gjalddagann. Fjármálaeftirlitið tók VBS yfir í mars á þessu ári og fór hann í slitameðferð mánuði síðar. Við uppgjör kom í ljós að staða hans var mun veikari en talið var og jafngildir því að kröfuhafar VBS geti reiknað með tveggja prósentu endurheimtum.

■ **Yfirtaka ríkisins á sparisjóðum landsins.** Ríkið tók yfir rekstur Sparisjóðs Keflavíkur og Byrs í apríl. Í kjölfarið fylgdu fleiri sparisjóðir í fadmi ríkisins. Þeir höfðu allir orðið illa úti í fjármálakreppunni og óskað eftir eiginfjárfraðslu frá ríkinu sökum bágrar fjárhagsstöðu. Enn sem komið er hefur fjárhag eins sparisjóðs verið komið á réttan kjöl. Það er Sparisjóður Norðfjarðar. Ætla má að björgunaraðgerðir hins opinbera kunni að kosta á annan tug milljarða króna.


## Önnur slæm viðskipti á árinu

■ **Kaup spákaupmanna á verðtryggðum skuldabréfum fyrr á árinu.** Þessir spákaupmenn fengu veðköll í bakið og töpuðu háum fjárhæðum þegar krafan hækkaði skyndilega eftir að Már Guðmundsson seðlabankastjóri sagði á vaxtaákvörðunarfundi í byrjun nóvember gjalddeyrið ekki verða afnumin fyrr en í fyrsta lagi í mars 2011. Misskilningur í túlkun á orðum seðlabankastjóra olli þessum miklu verðsveiflum á markaði.

■ **Útgáfa ríkisskuldabréfa Lánamála ríkissjóðs** á fyrri hluta ársins 2010.

■ **Óformlegar sameiningarviðræður Háskólans í Reykjavík við Háskólann á Bifröst** stóðu yfir um nokkurt skeið á árinu og rötudu upp á yfirborðið í nóvember. Sameining skólanna taldist hagkvæmur kostur og fela í sér sameiningu á ákveðnum námsbrautum í húsnæði Háskólans í Reykjavík en efla á Bifröst hagnýta þjálfun, styttri

námsbrautir, frumgreinanám, endurmenntun og sumarskóla. Magnús Árni Magnússon, rektor á Bifröst, mótmælti harðlega og varð ekkert úr málinu. Hann hefur nú stigið til hliðar fyrir nýjum rektor sem tekur við um áramót.



## Af litlum neista...

Kröftug stjórnun  
Sýrupolin hylki  
Sértækur verkunarháttur

Brjóstsvið  
Meðferð  
Sýrupaknað  
Eiginbyggingin  
Magasýru  
Lausasöð

Skammtíamæðferð  
Hróð og virk hemlun á sýruseytingu  
Prótónupumpuhamill  
Kröftug sýrustjórnun

## Omeprazol Actavis

- öflugt lyf við brjóstsviða og súru bakflæði

20 mg, 14 og 28 stk. – fánlegt án lyfseðils í næsta apóteki

**Notkunarsvið:** Omeprazol Actavis inniheldur ómeprazol sem hemur seytingu á magasýru. Omeprazol Actavis er notað við tilfallandi brjóstsviða og súru bakflæði. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir innihaldsefnum, samtímis notkun lyfja sem innihalda claritromýcin hjá sjúklingum með skerta lifrarstarfsemi, samtímis notkun lyfja sem innihalda atazanavír. **Varúð:** Gæta skal sérstakrar varúðar: Ef verulegt og óvænt þyngdartap verður, við endurtekin uppköst, ef erfðleikar eru við að kyngja, við blóðuppköst eða blóð í hægðum, ef lifraraða nýrnastarfsemi er skert, ef þú færð niðurgang eða ef þú hefur fengið fylgikvilla (blæðingar eða sár í meltingarfærum) vegna bólgueyðandi verkjalyfja. Láta skal lækni/lyfjafræðing vita ef bólgueyðandi verkjalyf eru notuð. Börn og unglingar undir 18 ára aldri eiga ekki að nota lyfið nema að ráði læknis. Omeprazol Actavis inniheldur súkrósa. **Meðgangi/brjóstgjöf:** Leitið ráða hjá lækni áður en lyfið er notað. **Akstur og notkun véla:** Aukaverkanir, svo sem þreyta, svimi og sjón- og heyrnartruflanir, geta komið fram og geta haft áhrif á hæfni til aksturs eða notkunar véla. **Aukaverkanir:** Algengar aukaverkanir eru niðurgangur, hægðatregða, vindgangur, ógleði, uppköst, svefntruflanir, sundl, höfuðverkur eða þreyta. Þessar aukaverkanir verða yfirleitt vægari við áframhaldandi meðferð. **Skammtastærðir:** Fullorðnir: 1 sýrupolið hylki eftir þörfum. Ekki má nota meira en 20 mg á sólarhring. Ef einkennin hverfa ekki eftir að Omeprazol Actavis hefur verið notað í 14 daga skal hafa samband við lækinn vegna þess að einkennin gætu verið af öðrum orsökum. Gleypa á sýrupolnu hylkin með glasi af vökva. Sýrupolnu hylkin ætti að taka fyrir máltíð (t.d. morgunmat eða kvöldmat) eða á fastandi maga. Hvorki má tryggja né mylja sýrupolnu hylkin. **Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Júlí 2010.



**actavis**  
hagur í heilsu

VÖLDIN Í VIÐSKIPTALÍFINU 2010

# Nýjar valdablokkir munu

Gömlum valdhöfum í viðskiptalífinu var hrundið af stóli í efnahagshruninu. Aðrir munu á endanum koma í þeirra stað. En hvar eru völdin í dag? **Jón Aðalsteinn Bergsveinsson** ræddi við nokkra sem staðið hafa í umrótinu með einum eða öðrum hætti um hugsanlega þróun valdablokka viðskiptalífsins. Þeir eru hvorki sammála um það hvar valdataumar liggja nú um stundir né hverjir kunni að halda um þræðina þegar upp verður staðið.

## NOKKRIR VALDAHÓPAR Í VIÐSKIPTALÍFINU SÍÐUSTU ÁR\*

Kolkrabbinn	Einstaklingar
Sjóvá - Almennar	Benedikt Sveinsson
Skeljungur	Einar Sveinsson
Eimskip	Benedikt Jóhannesson
Flugleiðir	
Icelandair Group	
Nýherji	
S-hópurinn	Einstaklingar
Samskip	Ólafur Ólafsson
Alfesca	Pórólfur Gíslason
VÍS	Finnur Ingólfsson
Kaupfélag Skagfirðinga	Jón Helgi Guðmundsson
Baugur	Einstaklingar
Hagar	Jóhannes Jónsson
Bónus	Jón Ásgeir Jóhannesson
Hagkaup og fleiri verslanir	Pálmi Haraldsson
FL Group	Hannes Smárason
	Íslandsbanki (Glitnir)
Samson	Einstaklingar
Landsbankinn	Björgólfur Guðmundsson
Actavis	Björgólfur Thor Björgólfsson
Straumur-Burðarás	Magnús Þorsteinsson
Kaupþing	Einstaklingar
Kaupþing	Sigurður Einarsson
Bakkavör	Hreiðar Már Sigurðsson
Exista	Ágúst Guðmundsson
	Lýður Guðmundsson
Íslandsbanki	Einstaklingar
Íslandsbanki (Glitnir)	Bjarni Ármannsson
Lyf og heilsa	Kristján Ragnarsson
Sjóvá	Helgi Magnússon
	Víglundur Þorsteinsson
	Einar Sveinsson
	Karl Wernersson
	Steingrímur Wernersson

\* Byggt að hluta á umfjöllun Frjálsrar verslunar á valdablokkum í viðskiptalífinu 2003.



**Á** hrfamíklar valdablokkir hafa verið ráðandi hér með einum eða öðrum hætti um nokkurra áratuga skeið. Segja má að Kolkrabbinn og Smokk-fiskurinn, birtingarmyndir Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, hafi ráðið lögum og lofum jafnt í stjórnáttum sem viðskiptalífi í einni eða annarri mynd allt frá því sjálfstæði frá Dönnum árið 1944 var enn volgt og fram yfir einkavæðingu Landsbankans og Búnaðarbankans árið 2003. Taugin var reyndar enn rómur eftir sölu bankanna enda kaupendurnir hliðhollir flokkunum; í tilvikum Landsbankans fylgdi framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins með í kaupunum auk þess sem fyrirverandi ráðherra Framsóknarflokksins tók við Búnaðarbankanum úr höndum flokks-systkina sinna.

### ÁTTA VALDAHÓPAR

Jón G. Hauksson, ritstjóri tímaritsins Frjálsrar verslunar, fann átta valdahópa í greiningu sinni á

**Þá hefur hluti valdaklíkunnar fyrirverandi ekki talið sér vært hér á landi og farið utan.**

valdablokkum landsins árið 2003. Hóparnir tengdust bæði gömlu klíkunum og þeim sem höfðu verið að líta dagsins ljós í smásöluverslun og fjármála-geiranum eftir einkavæðingu bankanna auk lífeyrissjóða landsins sem féllu í eina valdablokk viðskiptalífsins.

Niðurstöður rannsóknar Bryndísar Ísfoldar Hlöðversdóttur á valdablokkunum fjórum árum síðar bentu til töluverðra tengsla á milli eldri og nýrri hópa. Bryndísi taldist til að árið 2003 hefðu 23 einstaklingar, sem allt voru karlmenn, tilheyrt valdablokkinni. Fjórum árum síðar hefðu 16 þeirra setið í stjórnnum stærstu fyrirtækja landsins.

**VALDABL**  
Flestir þ  
eru sam  
mestu h  
uppgjör  
upphafi  
í gegnun  
um, vinn  
litla sem  
smásjá y  
hefur hl  
talið sér  
Þótt v  
á einu r  
eru þeir  
sest efti  
blokka l  
hafa eri  
tíma ser  
hafar m  
gott að s





# á rísa



## LOKKIR FALLA

Þeirra sem Fréttablaðið hefur rætt við um mála um að valdablokkirnar hafi að rúnið til grunna með falli bankanna og þessins sem fylgdi í kjölfar stjórnsliða í árs 2009. Þeir sem hafi komið við sögu á árin hafi tapað gífurlegum fjármunum og því hörðum höndum að halda því eftir standa á meðan aðrir séu undir yfirvalda vegna gruns um misferli. Þá hafi valið valdablaðinn fyrri verandi ekki komið vart hér á landi og farið utan. Þá hafi málendur Fréttablaðsins séu ekki komið máli um það hvar völdin liggja í dag og sammála um að rykið hafi enn ekki komið hrunið, fulltrúar fyrri verandi valda-klóri í bakkann en muni líklega ekki komið endi sem erfiði. Vald þeirra heyrir til mála sé að líða undir lok og að nýir valdunni taka við. Hverjir það verði sé ekki komið segja.

## ÁLIT

### Bankarnir eru með of mikil völd

Fjárfestar halda að sér höndum á meðan bankarnir afskrifa ekki skuldir fyrirtækja, segir framkvæmdastjóri.

„Völdin liggja hjá bönkunum, sem hafa leyst til sín mikið af fyrirtækjum. Þar virðast hlutirnir sitja fastir. Það er viðskiptalífínu ekki til framdráttar,“ segir Þórunna Jónsdóttir, framkvæmdastjóri hjá verðbréfafyrirtækinu Audi Capital.

Þórunna bendir á að mörg fyrirtæki glími við erfiða skuldsetningu. Leggja þurfi mörgum fyrirtækjum til nýtt hlutfé og kröfuhafar þeirra að færa skuldir niður. Bankarnir eru tregir til þess, að sögn Þórunnu.

„Mjög fáir ráða við að greiða bönkunum að fullu eða taka við rekstri fyrirtækja með þeirri skuldsetningu sem á þeim hvílir. Því kjósa bankarnir frekar að halda í fyrirtækin en að losa sig við þau,“ segir Þórunna og bætir við að í sumum tilvikum hafi bankarnir byggt upp starfsemi í kringum eignarhaldið. Slíkt sé ekki jákvætt enda tefji það fyrir endurreisninni.

Þórunna segir bankana ekki heppilega fyrirtækjaeigendur. Vandinn sé sá að engin eiginleg samkeppni sé á bankamarkaði. Við slíkar aðstæður hreyfist allt hægt. Hún segir lífeyrissjóðina í lykilstöðu, þeir séu meðal fárra sem ráði yfir nægilegu fjármagni nú um stundir til að koma atvinnulífínu af stað.

„Lífeyrissjóðir eru í einstakri stöðu til að knýja á um bættar áherslur í viðskiptalífínu með því að skýrar kröfur til arðsemi fjárfestinga, til þeirra sem fara fyrir fé og leggi áherslu á gagnsæi, góða stjórnarhætti og gott viðskiptasiðferði. Mörg fyrirtæki eru nú þegar að taka frumkvæði í þessum efnunum og því eru tækifærin til staðar,“ segir hún.



ÞÓRUNNA JÓNSDÓTTIR

### Gömlu valdablokkirnar heyra sögunni til

Millibilsástand mun ríkja þar til fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja lýkur, segir fyrrverandi ráðherra.

Viðskiptablokkirnar sem tröllriðu samfélaginu í áratug fyrir efnahagshrunið eru fallnar og arftakar þeirra að taka við.

„Við verðum í millibilsástandi þangað til fjárhagsleg endurskipulagning hinna ýmsu fyrirtækja verður lokið. Þangað til munu fjármálafyrirtæki og lífeyrissjóðir verða fyrirferðamikil í viðskiptalífi og hið opinbera leika stærra hlutverk en áður,“ segir Gylfi Magnússon, dósent við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands og fyrrverandi efnahags- og viðskiptaráðherra.

Gylfi tók virkan þátt í endurreisnarstarfinu eftir bankahrunið, var annar tveggja ráðherra utan þings sem settust í ráðherrastól í bráðabirgðastjórn Samfylkingar og Vinstri grænna í febrúar í fyrra nokkrum dögum eftir að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar liðaðist í sundur í kjölfar þess að Björgvin G. Sigurðsson, forveri Gylfa, vék forstjóra Fjármálaeftirlitsins frá störfum og sagði sjálfur af sér. Gylfi stóð upp úr stólnum í september síðastliðnum og hefur nú snúið aftur í háskólann.

Ráðherrann segir að þótt svo virðist sem fátt hafi breyst í viðskiptalífínu sé raunin önnur. „Þeir sem stjórnðu gömlu viðskiptablokkunum fóru með þeim. Þótt sum fyrirtækin líti svípað út og áður eru oftar en ekki komnir nýir eigendur og stjórnendur,“ segir Gylfi og reiknar með að þegar rykið eftir efnahagshrunið setjist muni breytingin í viðskiptalífínu koma í ljós. „Við erum ekki enn komin á endastöð með það,“ segir hann.



GYLFI MAGNÚSSON

### Völdin hjá sjávarútveginum

Gömlu valdablokkirnar eru í dauðateygjunum. Nokkur ár tekur fyrir nýjar að verða til, segir lektor við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.

Valdatími Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks er liðinn og ólíklegt að hann komi aftur. Flokkarnir klóra í bakkann í dauðateygjum sem geta tekið nokkur ár, að mati Guðmundar Ólafssonar, lektors í viðskiptadeild Háskóla Íslands.

Guðmundur segir margt líkt með eftirmála hrunsins hér og í gömlu Sovétríkjunum eftir fall kommúnismans í kringum 1991. „Þetta er breytingaskeið sem við vitum ekki hvernig endar. En ástandið verður samt örugglega ekki eins og það var. Ég held satt best að segja að Framsóknarflokkur og sennilega Sjálfstæðisflokkur sömuleiðis nái aldrei aftur völdum. Eitthvað alveg nýtt mun koma upp úr þessu,“ segir hann og rifjar upp að í Sovétríkjunum hafi það tekið nokkur ár fyrir valdablokkir að leysast upp og nýjar að verða til.

Guðmundur bendir á að síðastliðin tuttugu ár hafi tvö helstu stjórnmalakerfi mannsandans orðið gjaldþrota. Í tilvikum Sjálfstæðisflokksins sé það nýfrjálslyggjan sem hafi steytt á skeri.

Hann telur völdin í viðskiptalífínu liggja hjá kvótáeigendum. „Sjávarútvegurinn er eina valdablokkinn sem hefur völd í gegnum fjármagnið. Hann hefur sterka stöðu að óbreyttu. En kvótáeigendur mega búast við því að tapa völdum ef þeir halda áfram að styðja Sjálfstæðisflokkinn. Það er ekki víst að hann komist aftur til valda. Og þótt hann komist til valda er ekkert víst að hann verði einráður aftur,“ segir Guðmundur og bætir við að flokkurinn í dag sé veikur bakhtar. Kvótáeigendur verði að leita á önnur mið.



GUÐMUNDUR ÓLAFSSON

### Karlar eru enn við völd í viðskiptalífínu

Þrátt fyrir að fleiri konur mennti sig í viðskiptafræðum eru dyr atvinnulífsins þeim enn lokaðar. Huga verður betur að kynjahlutföllum í stjórnnum fyrirtækja.

Á sama tíma og menntun kvenna hefur aukist frá 1999 er uppskera þeirra ekki í samræmi við uppskeru karla með með sömu menntun. Staða kvenna í viðskiptalífínu hefur lítið breyst eftir hrun.

Dr. Þorgerður Einarsdóttir, prófessor við stjórnmaláfræðideild Háskóla Íslands, segir fjölgun kvenforstjóra á árunum 2004 til 2008 aðallega vegna tilkomu nýrra fyrirtækja.

„Þær eru ekki að ganga inn í fyrirtækin. Það er þvert á fullyrðingar þess efnis að karllæg gildi hafi hrunið í fjármálakreppunni. Hin karllægu völd lifa áfram,“ segir Þorgerður, sem kyngreindi hrunið eftir útkomu rannsóknarskýrslu Alþingis um bankahrunið í vor með Gyðu Margréti Pétursdóttur.

Þær drógu þá ályktun af skýrslunni að innan íslenskra fjármálageirans hefðu öll aðalhlutverkin verið í höndum karla. Sárafáar konur hefðu skipt máli. Ætli að koma í veg fyrir annað hrun yrðu stjórnvöld að fylgjast með því að fyrirtæki færu að lögum um kynjahlutfall í stjórnnum hlutfélaga og huguðu að beitingu viðurlaga við brotum á þeim. Fyrir þessu telja þær bæði vera réttlætisrök og nytjarök þar sem fyrirtæki með kynjahlutföldum stjórnnum skili betri arðsemi en fyrirtæki með einsleitum stjórnnum.

Þorgerður bendir á að þótt konum hafi fjölgað í viðskiptafræðideild Háskóla Íslands á síðastliðnum tíu til fimmtán árum, þær séu nú um og yfir helmingur nemenda, bendi lítið til að menntunin hafi skilað þeim áhrifa-stöðum í atvinnulífínu í svipuðum mæli og körlum.

Þetta kemur sömuleiðis skýrt fram í niðurstöðum samnorrænnar könnunar Norðurlandaráðs um stöðu kvenna í atvinnulífínu og samstarfssamnings Creditinfo og nokkurra íslenskra aðila, þar á meðal Félags kvenna í atvinnurekstri.

Í fyrri skýrslunni kemur fram að kvenforstjórar voru í fimmtán fyrirtækjum af hverjum hundrað hér árið 1999 en níttján af hundrað árið 2008. Þetta er fjögurra prósentustiga aukning á níu ára tímabili. Svipuð breyting varð á fjölda kvenna í stjórnnum fyrirtækja.

Þorgerður segir þetta nánast kyrrstöðu og bendir á að hrunið hafi ekki orðið til að auka hlut kvenna í atvinnulífínu líkt og vonir stöðu til. Þótt konum hafi fjölgað með auknu fylgi félagshyggjuflokka eftir hrun sé atvinnulífið aftar á merinni. Konur virðist ekki eiga greiða leið inn í fyrirtæki þar sem karlar séu fyrir.



DR. ÞORGERÐUR EINARSDÓTTIR

### Stjórnvöld hafa hrifsað völdin af viðskiptalífínu

Framganga ríkisstjórnarinnar sýnir að menn ætla að nota vald sitt og beita því, segir forstjóri Vistor.

„Það er greinilegt að völdin hafa færst í auknum mæli til stjórnvalda. Sumir ráðherrar hafa kennt forsvarsmönnum í viðskipta- og atvinnulífi um það hvernig fór og eru óhræddir við að halda þeirri skoðun á lofti og sýna hver hefur valdið,“ segir Hreggviður Jónsson, stjórnarformaður lyfsöluvirkisins Vistor og varamaður í stjórn Viðskiptaráðs Íslands.

Hreggviður segir stjórnvöld hafa verið dugleg að skammast út í viðskiptalífið og minnst þess að á síðustu tveimur þingum Viðskiptaráðs hafi Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra stigið í pontu og lesið yfir mönnum pistilinn eins og þar væru allir á sakabekk.

„Stóru skilaboðin frá stjórnvöldum eru þau að viðskiptalífið hafi misfarið með vald sitt, því sé um að kenna hvernig komið sé fyrir efnahagslífinu og stjórnvöld ætli að sjá til þess að það gerist ekki aftur,“ segir hann og bendir á að stjórnvöld séu óhrædd við að beita valdi sínu, jafnvel þótt það sé þvert á ráðgjöf fagaðila. Slíkt sé greinilegt í uppstokkun sjávarútvegsráðherra á fiskveiðistjórnunarkerfinu þótt það sé ekki talið skynsamlegt út frá þjóðhagkvæmnissjónarmiðum.

„Það má nefna önnur dæmi eins og umræðuna um Magma og HS Orku þar sem ráðherrar og aðrir stjórnmalamenn hafa talað mjög frjállega um að beita valdi til að ná fram niðurstöðu í það mál sem samræmist þeirra pólitísku skoðunum,“ segir hann.

„Framganga þessarar ríkisstjórnar sýnir að menn ætla að nota vald sitt og beita því,“ segir Hreggviður og bendir á að nýtt frumvarp um breytingar á lögum um opinber innkaup sé dæmi um aukin ríkiafskipti sem berlega muni hafa áhrif á afkomu fjölda fyrirtækja og atvinnuöryggi fólks sem hjá þeim vinnur.

„Þetta er ekki leiðin til að koma hjólum atvinnulífsins í gang, það er að segja að draga tennurnar úr einkageiranum og auka ríkiafskipti.“



HREGGVIÐUR JÓNSSON

**Stóru skilaboðin frá stjórnvöldum eru þau að viðskiptalífið hafi misfarið með vald sitt, því sé um að kenna hvernig komið sé fyrir efnahagslífinu og stjórnvöld ætli að sjá til þess að það gerist ekki aftur.**

## REKSTRARUMHVERFI FYRIRTÆKJA 2010



LEIÐIN LIGGUR UPP Á VIÐ Árið sem nú er að líða þykir hafa verið erfitt fyrir íslenskt viðskiptalíf og einkennst af stöðnun og kyrrstöðu. Vonir standa þó til að landið taki að rísa árið 2011.

# Erfitt ár að baki

Lítið þykir hafa breyst í rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja á árinu. **Magnús Þorlákur Lúðvíksson** sá þó fyrstu merki þess að landið risi á ný.

**F**réttr af erfiðri stöðu margra íslenskra fyrirtækja hafa verið áberandi í fjölmiðlum á árinu sem er að líða. Gjaldeyrishöft, skattahækkunar og óvissa vegna aðgerða í skuldamállum fyrirtækja og heimila, að ógleymdu Icesave-málinu, hafa þyngt róður íslensks viðskiptalífs sem enn hefur ekki jafnað sig eftir samdráttinn í kjölfar bankahrunsins. Mörgum þykir sem enn hafi allt of lítið verið að gert til að koma hjólum atvinnulífsins aftur á fulla ferð. Það er þó ekki ein-tómur bölmóður í íslensku viðskiptalífi því fyrstu merki þess að landið kunni að vera byrjað að rísa hafa þótt koma fram undir lok ársins. Vextir hafa þannig lækkað og verðbólga er komin undir verðbólguþröng. Það þykir gefa fyrirheit um að olnbogarými fari að skapast fyrir afléttingu gjaldeyrishaftanna. Þá eru vonir bundnar við aðgerðir sem nýlega voru kynntar af efnahags- og viðskiptaráðherra um úrræði vegna skuldavanda lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Fréttablaðið leitaði svara við því hvað hefði breyst í rekstrarumhverfi fyrirtækja á Íslandi á árinu 2010 og hvers bæri að vænta á næsta ári.

## LÍTIÐ BREYST Á ÁRINU

Mikill meirihluti stjórnenda fyrirtækja á Íslandi telur aðstæður slæmar í íslensku atvinnulífi. Var sú skoðun staðfest í vikunni þegar Capacent birti niðurstöður könnunar á viðhorfi stjórnenda 400 stærstu fyrirtækja landsins. Þannig telja 84 prósent stjórnenda aðstæður slæmar en það er svipað hlutfall og mælt hefur frá miðju ári 2008. Skoðanir viðmælenda Fréttablaðsins endurspeglar þetta viðhorf. Þeir eru sammála um það að lítið hafi breyst á árinu þrátt fyrir fögur fyrirheit.

„Ég hef á tilfinningunni að það hafi verið mikið talað um að það þurfi að breyta og gera ýmislegt og vissulega er margt sem lofar góðu en það er afskaplega fátt sem býið er að ljúka og hefur lítið dagsins ljós í framkvæmd. Að því leyti til finnst mér áramóttin gefa loford um að mjög margt geti færst til betri vegar á nýju ári,“ segir Eggert Benedikt Guðmundsson, forstjóri Granda. Undir þetta tekur Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, sem

segir umhverfi atvinnulífsins einkennast af ákveðnu tómarými eða biðstöðu. „Það hefur ekki gengið nægilega vel að vinna úr vandamálunum á þessu ári en ég held að það séu allir sammála því að þessi biðstaða er ekki holl, hvorki til skemmri né lengri tíma,“ segir Finnur.

Óvissa um aðgerðir og afskipti stjórnvalda af ýmsum málum, gjaldeyrishöftin og þær breytingar sem gerðar hafa verið á skattkerfinu er meðal þess sem helst þykir standa atvinnulífinu fyrir þrífum nú um stundir. Þannig segir Katrín Ólafsdóttir, lektor við HR: „Það er óvissan sem er stóra vandamálið. Það er rosalega erfitt að sjá fyrir hvað gerist næstu þrjú, fjögur árin og ef þú ætlar í framkvæmdir þá þarftu að hafa einhverja hugmynd um landslagið næstu árin. Þetta er stórt vandamál.“

Stjórnvöld þykja hafa valdið skaða með hringlandahætti í málefnum sjávarútvegsins og orkugeirans og óttast margir meiri afskipti hins opinbera af viðskiptalífinu en tíðkast hafa undanfarin ár. Gjalddeyrishöftin þykja einnig sérstaklega skaðleg þó almennt telji menn þau til staðar af illri nauðsyn.

## LANDIÐ TEKIÐ AÐ RÍSA?

Árið 2010 þykir þó ekki hafa verið alveg laust við ánægjuleg tíðindi. Vextir hafa hríðlækkað sem hefur það í för með sér að fleiri sjá hag sinn í að geyma fjármagn annars staðar en á innlánsreikningum. Lágt raungengi íslensku krónunnar hefur hjálpað útflutningsfyrirtækjum sem standa mörg hver ansi vel í dag. Trúverðugleiki Íslands erlendis þykir hafa aukist á árinu, ekki síst þar eð áætlun ríkisstjórnarinnar og Alþjóðdagjaldeyrissjóðsins um að ná jafnvægi í ríkisfjármálunum er um það bil á áætlun. Þrátt fyrir það finnst mörgum að of langt hafi verið gengið í hækkun skatta. Þá þykja grunnstoðir atvinnulífsins enn nokkuð sterkar auk þess sem ánægja virðist ríkja með samkomulag um úrvinnslu á skuldamállum lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem kynnt var nýlega undir nafninu „Beina brautin“.

„Það er fullt af jákvæðum merkjum sem við erum að sjá. Við erum til dæmis að sjá mörg fyrirtæki í verslun og þjónustu verða til og þá fyrirtæki sem eru að skapa verðmæti,“ segir Rakel Sveinsdóttir, fram-

kvæmdastjóri Creditinfo, og bætir því við að mörg fyrirtæki hafi staðið hrunið af sér og standi sterkari fyrir vikið.

**TÍMI KOMINN TIL AÐ HORFA FRAM Á VIÐ** Viðmælendur Fréttablaðsins eru sammála um það að á árinu 2011 verði að horfa fram á veginn. Of mikill tími og orka þykir hafa farið í karp um fortíðina, nú sé kominn tími til að byggja upp hagkerfið til framtíðar.

„Árið 2010 var kyrrstaða en árið 2011 munum við byrja að ganga tröppurnar og taka skref fram á við. Við verðum þó að vera þolinmóð því við verðum á þeirri göngu lengur en svo að við reisum allt við á tólf mánuðum,“ segir Rakel Sveinsdóttir.

Nauðsynlegt þykir að eyða þeirri óvissu sem ríkt hefur á næsta ári, meðal annars með tilliti til sjávarútvegsins og þeirra stóriðjuframkvæmda sem boðaðar hafa verið. Einnig þykir mikilvægt að kjarasamningar verði leiddir til lykta án þess að allt fari í háaloft og að komist verði hjá aukinni skattheimtu. Þá telja viðmælendur Fréttablaðsins að tími sé kominn til að horfa á stóra myndina. Skortur hafi verið á langtímahugsun um íslenska hagkerfið og því þurfi að breyta. Þannig þurfi til að mynda að fá botn í framtíðarskipan peningamála, búa til ramma um ríkisútgjöldin nokkur ár fram í tímann og standa vörð um háskólana í landinu. Þá þurfi stjórnvöld að láta af þeirri tilhneigingu sinni að ákveða hvað nákvæmlega eigi að gera heldur frekar búa til góð almenn skilyrði til atvinnureksturs.

„Ég er frekar bjartsýnn á árið 2011. Ég held að 2011 verði árið sem muni leiða okkur af þessum villigötum sem við höfum verið á og við förum að taka upp hagfelldari aðferðir. Ég rek þó þann varnagla að pólitíkin er áhyggjuefni og getur sett okkur út af laginu,“ segir Þóður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar.

Þrátt fyrir erfiðleika í viðskiptalífinu og óróa í stjórnvalunum eru flestir sammála um það að við höfum enn öll tækifæri til að koma út úr kreppunni standandi. Þannig segir Eggert Benedikt: „Þó það séu margar hindranir og úrtöllumen líka þá er kominn mikill uppsafnaður vilji til þess að fara að láta hjól þjóðlífsins snúast af fullum krafti aftur. Ég hef þá trú að löngunin sé orðin nógu sterk.“

## ÁLIT



### Botninum náð

Viðskiptaumhverfið er vissulega krefjandi og því miður hefur ekki breyst mikið á árinu 2010. Enn er mikil vinna eftir við að endurreisa og endurskipuleggja fyrirtækin í landinu. Það er ákveðin kyrrstaða sem ríkir og því er mikilvægt að koma fjárfestingum á hreyfingu til að mynda grunn að hagvexti og draga úr atvinnuleysi. Ég held þó að botninum sé náð og árið 2011 verði það ár sem við spyrnum okkur upp aftur frá botninum þó það muni taka allt árið.

Gylfi Sigfússon, forstjóri Eimskips

### Sumum greinum vegnað vel

Staðan er erfið hjá mörgum fyrirtækjum en það er þó mjög skipt á milli greina. Menn mega ekki gleyma því að margar greinar eru í ágætu ástandi. Má þar nefna útflutningsgreinarnar og þær greinar sem þjónusta þær. Greinum sem keppa við innflutning hefur einnig vegnað vel auk auðvitað ferðamennskunnar. Þannig að við höfum stóran hóp fyrirtækja sem hafa alla burði til að standa sig vel núna og ekki síst á nýju ári.

Eggert Benedikt Guðmundsson, forstjóri Granda.



### Meiri stöðugleiki stóra atriðið til framtíðar

„Stóra atriðið sem þarf að breytast til lengri tíma er stöðugleikinn. Við þurfum að minnka þessar miklu hagsveiflur sem við höfum verið með; sveiflur í hagvexti, verðbólgu og öðru. Í þessu samhengi tel ég að stóra ákvörðunin sé að ganga í Evrópusambandið og skipta um mynt. Ég held að það sé það sem kemur íslensku viðskiptalífi langbest þegar til lengri tíma er lítið.“

Katrín Ólafsdóttir, lektor við Viðskiptadeild HR

### Pólitísk afskipti of mikil

Það er engum blöðum um það að fletta að viðskiptaumhverfið á Íslandi hefur breyst til hins verra og það sem skiptir mestu máli í því sambandi er að við erum að færast yfir í skipulag á hagkerfi sem hefur hvergi annars staðar reynst vel. Pólitísk afskipti eru orðin miklu meiri en góðu hófi gegnir og ég vísa í því samhengi til sjávarútvegarins og orkugeirans. Þá eru óupptalin gjaldeyrishöftin sem tíðkast hvergi í öflugum, vestrænum markaðshagkerfi.

Þóður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar.



### Margt tekið of langan tíma

Eins og alþjóð veit hafa erfiðleikar íslenskra fyrirtækja verið miklir og í raun meira íþyngjandi eftir hrun en þörf hefði verið á. Allir hafa verið að bíða eftir úrræðum og það hefur tekið of langan tíma að vinna úr málum þeirra fyrirtækja sem hafa rekstrargrundvöll og flokkast sem lífvænleg en hafa þá kannski farið á hliðina vegna fjármögnunar. Ég er þó sannfærð um að það horfir til betri tíðar í þessum efnum.

Rakel Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Creditinfo.

### Gjaldeyrishöftin skaðleg

Margir spyrja og eðlilega hvað sé svona slæmt við gjaldeyrishöftin. Vandinn er nefnilega sá að skaðinn er að mörgu leyti ekki sýnilegur, hann felst í því sem verður ekki. Þessi fyrirtæki sem við erum svo stolt af; Össur, CCP, Marel og Actavis, hefðu ekki dafnað með sama hætti og þau hafa gert ef hér hefðu verið gjaldeyrishöft á sínum tíma. Við þurfum að tryggja að næsta CCP eða Össur verði til hér á Íslandi en það verður ólíklegra í umhverfi gjaldeyrishafta.

Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands



Lukkupottur



Allir sem skrá sig á námskeið hjá Hreyfingu í janúar geta unnið glæsilegan snjallsíma, **Samsung Galaxy I9000** ásamt 6 mánaða inneign hjá Símanum. Vinningur að verðmæti 140.000 kr.

# Hvaða námskeið hentar þér?

Áhrifarík námskeið fyrir karla og konur hefjast 10. og 11. janúar 2011

NÝTT!

## Árangur SEX

FYRIR KONUR

Blanda af því nýjasta í þjálfun.

Eftirbruni  
Zumba  
Activio/Zen-Kjarni  
Þeytingur  
Hot Yoga  
Mótun

NÝTT!

## TRX og Ketilbjöllupjálfun

Hörkupjálfun fyrir konur og karla. Þjálfunarkerfi fyrir þá sem vilja komast upp á næsta stig í líkamspjálfun.

## STS super átak

FYRIR KONUR

STS kerfið (Shock Training System) er sérhannað til að æfingarnar framkalli hámarks árangur.

## FGF Fantagott form

Æfingakerfi sem hefur slegið í gegn hjá okkur. Hentar körlum og konum sem vilja áskoranir í líkamsrækt.

## Hot yoga

Æfingar sem styrkja og liðka allan líkamann og gerir þér kleift að komast dýpra í stöðurnar og ná auknum liðleika.

NÝTT!

## Árangur mömmur

Fyrir mæður og börn allt að 9 mánaða. Besta leiðin til að koma sér af stað aftur í þjálfun eftir barnsburð.

NÝTT!

## Body Control Pilates

Sameinar líkama og sál í áhrifaríkrri þjálfun sem stuðlar að því að styrkja alla helstu vöðva líkamans án þess að stækka þá.

NÝTT!

## Meðgöngujóga

Áhrifaríkar æfingar sem hjálpa konum að halda sér í formi á meðgöngutímanum og ná sér fyrr eftir barnsburð.

## Árangur - hraðferð

Tækin sem koma þér í topp form! Meiri árangur á skemmri tíma en áður hefur þekkt.

NÝTT!

## Líkami og sál/Kærleiksjóga

Námskeið fyrir líkama og sál. Mýkri æfingar með áherslu á slökun. Hentar vel byrjendum.

Allar nánari upplýsingar um námskeiðin, tímasetningu, verð og skráningu finnur þú á [www.hreyfing.is](http://www.hreyfing.is)

**HREYFING**  
HEILSULIND

**BLUE LAGOON**  
ICELAND  
geothermal spa

Álfheimar 74  
Sími: 414 4000  
[hreyfing@hreyfing.is](mailto:hreyfing@hreyfing.is)  
[www.hreyfing.is](http://www.hreyfing.is)



**HUGMYNDAHÚS HÁSKÓLANNA** Hugmyndahúsið er meðal nýrra stofnana sem opnaðar hafa verið á síðustu árum til stuðnings við sprotafyrirtæki. Fjöldmörg fyrirtæki hafa stigið sín fyrstu skref í Hugmyndahúsinu frá 2008 þegar það var opnað. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Sprotarnir spennandi

Ísland þykir hafa tækifæri til að verða leiðandi í nýsköpun. **Magnús Þorlákur Lúðvíksson** komst að því að mikil tækifæri leynast í hugverkageiranum.

Í kjölfar bankahrunsins haustið 2008 og þeirra efnahagsferðleika sem Íslendingar hafa gengið í gegnum síðan hafa margir beint sjónum sínum að nýsköpunarfyrirtækjum sem framtíð íslensks atvinnulífs. Stór íslensk fyrirtæki eins og Össur, Marel og CCP hafa varðað veginn en langur tími getur liðið frá því að fyrirtæki er stofnað þar til það hefur náð fötfestu með traustu tekjustreymi. Fréttablaðið fór á stúfana og kannaði hvað er á seyði í heimi íslenskra srotafyrirtækja. Hverju skilar þessi geiri til íslensks samfélags og hvað þarf að gerast til að klasi stöndugra nýsköpunarfyrirtækja geti orðið ein af meginstöðum íslensks atvinnulífs?

## HVERJU SKILA SPROTAFYRIRTÆKI?

Hugverkaiðnaðurinn nýtur sérstöðu í atvinnulífinu að því leyti að honum eru fáar skorður settar. Meðan fiskveiðar takmarkast af fiskinum í sjónum og álframleiðsla af nothæfum virkjunarkostum takmarkast hugverkaiðnaðurinn eingöngu af hugmyndafluginu. Þess vegna telja margir að nú þurfi að leggja áherslu á nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi. Kostir slíkrar starfsemi eru þó nokkrir. Til að mynda benda rannsóknir til þess að ný lítil og meðalstór fyrirtæki séu ábyrg fyrir mjög stórum hluta nýrra starfa til dæmis í Evrópusambandinu.

Flest srotafyrirtæki búa til vörur eða þjónustu sem ætlaðar eru til sölu á alþjóðamarkaði. Því er eftir miklu að slægjast í útflutningstekjum ef vel tekst til. „Meira og minna öll fyrirtæki sem eru í uppbyggingu um þessar mundir eru að ráðast á alþjóðamarkað og selja íslenska vöru, oft á tíðum í formi hugbúnaðar, sem eru hreinar útflutningstekjur,“ segir Guðjón Már Guðjónsson, framkvæmdastjóri Medizza. Í sama streng tekur Helga Valfells, framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs, sem segir srotafyrirtæki skapa störf, gjaldeyrstekjur og þekkingu auk þess að valda fjölbreytni í atvinnulífinu. Þá bendir hún á að flest þessi fyrirtæki séu að þróa nýja tækni og þar með skila af sér vísindalegri arfleidd, þó fyrirtækin komi að lokum út á núlli þá stendur eitthvað eftir.

Að lokum hrífast margir af þeirri hjart-sýni og orku sem oft fylgir nýsköpunarfyrirtækjum. Frumkvöðlar þurfa að vera

tilbúnir að taka áhættu og fylgja hugmyndum og hugsjónum sínum eftir af krafti og til þess þarf ákveðna manngerð. Spurdur hverju nýsköpunarfyrirtæki skili til samfélagsins segir Eggert Claessen, framkvæmdastjóri Frumtaks: „Fyrst og fremst finnst mér þau skila ákveðinni bjartsýni sem ég held að við þurfum sárlega á að halda í þjóðfélaginu í dag.“

## UMHVERFIÐ Á ÍSLANDI

Viðmælendur Fréttablaðsins eru sammála um að mikil gróska sé í heimi srotafyrirtækja hérlendis. Íslendingar þykja almennt fram-

## „Það er bullandi gangur í heimi íslenskra srotafyrirtækja.“

sækni og duglegir við að stofna fyrirtæki en margir telja enn ýmislegt vanta upp á þegar kemur að stuðningi hins opinbera við þennan hluta atvinnulífsins.

Aðgengi að fjármagni virðist vera nægilegt hér innanlands fyrir fyrirtæki með mikla vaxtarmöguleika en erfiðara er fyrir srotafyrirtæki að fá almenn rekstrarlán og jafnframt fyrir lítil fyrirtæki að fá milli-göngu frá bönkunum. Lágt gengi krónunnar hefur hjálpað til á undanförunum misserum auk þess sem þau nýsköpunarfyrirtæki sem byggð hafa verið upp á undanförunum árum njóta þess flest að vera lítið skuldsett. Það sem helst þykir standa í vegi fyrir stofnun og framgangi srotafyrirtækja er skortur á ákveðinni þekkingu í þessum geirum og þau almennu vandamál sem íslensk fyrirtæki glíma við nú um stundir. „Vandamál allra fyrirtækja hér er að við erum með bankakerfi sem veitir ekki eðlilega þjónustu. Ímynd landsins hefur skaðast og við eigum því erfitt með að eiga viðskipti við útlönd. Auk þess erum við með gjaldeyrishöft sem koma í veg fyrir erlenda fjárfestingu,“ segir Eggert. „Teikn voru á lofti um að það öflugt þekkingarfólk úr bönkunum væri að koma í sprotaumhverfið en það hefur hægst á því streymi á þessu ári. Ein meginhættan fram undan er að það verði mannekla í greininni,“ bætir Guðjón Már við. Þær breytingar sem

gerðar hafa verið á skattkerfinu undanfarin misseri standa fyrirtækjum einnig fyrir þrifum. Þá er skortur á fólki með tæknimenntun svo sem forriturum. „Það er gífurleg þörf á tæknimenntuðu fólki eins og rafmagns- og tölvuverkfræðingum. Þess vegna er mjög slæmt að dregið sé úr fjárstuðningi við skólastarf í landinu þegar þörfin á vel menntuðu fólki er eins æpandi og nú er,“ segir Þórður Magnússon, stjórnarformaður Eyris.

Þrátt fyrir ákveðnar hindranir telja menn þó að hugverkageirinn hafi alla burði til að blómstra á næstu árum. Fyrirtæki á borð við Össur, Marel og CCP eru nú þegar leiðandi í viðskiptalífinu en erfitt er að segja hvaða fyrirtæki munu fylgja í þeirra fótspor. Meðal fyrirtækja sem þykja hvað mest spennandi á Íslandi í dag má nefna Remake Electric, Meniga, Clara og Videntifier en þau eiga það sameiginlegt að vera fremur ung. Marorka, Hafmynd, Stjórnuoddi og Gogogic eru aðeins lengra komin fyrirtæki sem hafa náð fötfestu og munu eflaust vaxa töluvert næstu ár.

**UPPLÝSINGATÆKNI- OG NÝSKÖPUNARKLASI** Fréttablaðið spurði viðmælendur sína að lokum hvað þyrfti að gerast til að hér geti myndast öflugur klasi upplýsingatækni- og nýsköpunarfyrirtækja. Mikil áhersla var af þeirra hálfu lögð á að hér þyrfti að eiga sér stað hugarfarsbreyting. Langtímahugsun þurfi að tileinka í atvinnumálum og sýna því þolinmæði að í flestum tilvikum tekur langan tíma að byggja upp stöndugt fyrirtæki. Vöxturinn á næstu árum og áratugum muni ekki koma úr þeim atvinnuvegum sem nú séu mest áberandi. „Ef horft er á stofnanir samfélagsins eru þær mjög gíraðar á atvinnuvegina sem eru fyrir í landinu. Nú þarf að setja fókúsin á aðra hluti og það er í raun ótrúlegt hve sáralitlu fjármagni er veitt í þá farvegi sem til eru og hafa skilað sér í þessum málum,“ segir Hilmar Veigar Pétursson, forstjóri CCP. Hann nefnir að stjórnvöld hafi nú tækifæri til að sýna að þau séu tilbúin til að tileinka sér þessa hugsun með því að veita brautargengi frumvarpi sem liggur fyrir Alþingi um endurgreiðslu á rannsóknar- og þróunarkostnaði í gegnum skattkerfið. Nái þetta fram að ganga sé það mikið fagnaðarefni því það hafi margt sýnt sig að hver króna sem fer í slíkt starf skilar sér margfalt til baka.

## ÁLIT



### Mikið af nýjum fyrirtækjum

Frumtak fjárfesti í fimm fyrirtækjum á þessu ári og við höfum séð mikið af nýjum fyrirtækjum koma upp, fyrirtæki sem eru rekin af ungu og duglegu fólki með skemmtilegar hugmyndir. Þarna er orka sem er að skila sér inn í samfélagið og skapar bæði störf og arð.

Eggert Claessen, framkvæmdastjóri Frumtaks

### Srotafyrirtæki skapa atvinnu

Eitt það mikilvægasta við srotafyrirtækin er að þau skapa atvinnu. Við höfum séð það í fjölda rannsókna hve mikilvæg ört vaxandi fyrirtæki eru fyrir atvinnusköpun. Í niðursveiflu eru það yfirleitt einungis slík fyrirtæki sem skapa störf svo þau hljóta að vera gífurlega mikilvæg á þessum tímamarki fyrir Ísland.

Eyþór Ívar Jónsson, framkvæmdastjóri Nýsköpunarmiðstöðvar atvinnulífsins



### Mikil hagkvæmni

Mörg þessara fyrirtækja eru að reyna að byggja upp vöru eða þjónustu á þann veg að hún getur skalast. Ef við ætlum að fá milljón ferðamenn til landsins þarf að eiga sér stað gífurleg breyting á aðstöðu í landinu. Ef srotafyrirtæki ætla hins vegar að selja milljón eintök af einhverri vöru þá þarf engin slík breyting að eiga sér stað.

Guðjón Már Guðjónsson, framkvæmdastjóri Medizza og stofnandi OZ

### Starfsumhverfið að mörgu leyti gott

Að mörgu leyti er starfsumhverfi srotafyrirtækja hér gott. Krónan er veik og flest srotafyrirtæki eru að skapa vörur til útflutnings. Þau eru líka flest lítið skuldsett því srotafyrirtæki fengu engin lán hjá bönkunum á sínum tíma. Það sem er hins vegar erfitt er að bankarnir eru alveg frosnir núna, mörg srotafyrirtæki þyrftu lítill rekstrarlán en fá þau bara ekki.

Helga Valfells, framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins



### Hugarfarsbreyting nauðsynleg

Ég held að hugarfarsbreytingu þurfi um þessi mál. Ef horft er á stofnanir samfélagsins eru þær mjög gíraðar á atvinnuvegina sem eru fyrir í landinu. Nú þarf að setja fókúsin á aðra hluti og það er í raun ótrúlegt hve sáralitlu fjármagni er veitt í þá farvegi sem til eru og hafa skilað sér í þessum málum, svo sem í Tækniþróunarsjóð.

Hilmar Veigar Pétursson, forstjóri CCP

### Margt að gerast í grasótinni

Það er ljóst að mjög margt er að gerast í grasótinni. Frumstuðningur og -umgjörð er líka orðin býsna góð með Innovot og Klaki og fleiru. Það er verið að hjálpa fyrirtækjunum í gegnum þessi fyrstu skref og slík leiðsögn skiptir í raun meira máli en fjármagn.

Þórður Magnússon, stjórnarformaður Eyris Invest



*Gledilega hátíð!*

## VERÐMÆTUR KRAFTUR

Við óskum starfsfólki okkar, nágroñnum og Íslendingum öllum gleðilegrar jólahátíðar.  
Við þökkum árangursríka samvinnu á liðnum árum og hlökkum til að taka þátt í kraftmiklu samstarfi við uppbyggingu atvinnulífs og verðmætasköpun á Íslandi á nýju ári.





MÓTMÆLI Á GRIKKLANDI Efnahagshrunið á Grikklandi og strangar aðhaldsaðgerðir ríkisins hafa vakið reiði íbúanna, rétt eins og víðar í Evrópu þar sem stjórnvöld hafa þurft að draga saman seglin á kostnað almennings.

NORDICPHOTOS/AFP

# Neyðarráðstafanir til varnar evrunni og bönkunum

Illviðráðanlegur skuldavandi flestra auðugustu ríkja heims hefur haldið áfram að sliga efnahagslíf þeirra á árinu sem er að líða. **Guðsteinn Bjarnason** leit yfir viðskiptalíf ársins utan landsteinanna.

**E**vran hefur verið á hættulegum slóðum megnið af árinu. Ráðamenn í Evrópusambandinu hafa þurft að róa lífróður til að forða henni frá verstu pyttunum.

Harðast úti hafa Grikkir og Írar orðið, en strangar aðhaldsaðgerðir hafa verið samþykktar í Bretlandi, á Spáni, í Frakklandi og Þýskalandi og víðar.

Almenningur hefur sjaldnast verið sáttur og efnt til fjölmennra mótmæla sem á Grikklandi og víðar hafa snúist upp í óeirðir.

Grípa þurfti til öflugra neyðarráðstafana á árinu til að forða bæði gríska og írsku ríkinu frá hruni.

## SKULDAVANDI

Halli á ríkisfjárlögum var kominn upp í rúm 15 prósent á Grikklandi og rúm 14 prósent á Írlandi, eða langt fyrir ofan fjögurra prósent hámarkið sem Evrópusambandið gerir kröfur um.

Flest lönd evrusvæðisins voru raunar komin langt upp fyrir þetta hámark. Á Spáni var fjárlagahallinn kominn upp í rúm 11 prósent, í Portúgal upp í rúm níu prósent og í Frakklandi upp í 7,5 prósent.

Á Grikklandi voru ríkisskuldarnar auk þess komnar upp í næstum 130 prósent af þjóðarframleiðslu, á Ítalíu upp í 116 prósent og í Belgíu 96 prósent.

Allt þetta sligar efnahag ríkjanna, svo mjög að óttast hefur verið um framtíð evrunnar. Til þess að koma í veg fyrir allsherjarhrun hafa bæði einstök ríki og Evrópusambandið í heild gripið til strangra ráðstafana.

## BJÖRGUNARÁÐGERÐIR

Í byrjun maí samþykktu Evrópusambandið og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn að stofna neyðarsjóð til að tryggja markaðsstöðugleika á evrusvæðinu.

Inni í þessum aðgerðum var sameiginlegur björgunarpakki fyrir Grikkland upp á 110 milljarða evra, og fengu Grikkir þetta fé lánað til þriggja ára. Af þessari fjárhæð komu 80 milljarðar evra úr sameiginlegum sjóðum Evrópusambandsins en afgangurinn frá AGS.



GLÍMT VIÐ VANDANN Dominique Strauss-Kahn, framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, og Jean-Claude Trichet, bankastjóri seðlabanka Evrópusambandsins, þurftu margt að ræða þegar þeir hittust í Brussel snemma í desember.

NORDICPHOTOS/AFP

Í nóvember var svo röðin komin að Írlandi, sem fékk úthlutað nærri hundrað milljónum evra úr neyðarsjóðnum bæði til að ráða við afborganir af lánum ríkisins og til að bjarga bönkum landsins frá yfirvofandi gjaldþroti.

## SÁRSAUKI

Gríska stjórnin greip til þess ráðs að draga harkalega úr ríkisútgjöldum, meðal annars með því að lækka laun opinberra starfsmanna um 15 prósent, hækka eftirlaunaaldur.

Á Írlandi kynnti Brian Lenihan fjármálaráðherra ströng niðurskurðarfjárlög nú í byrjun desember, sem bætast ofan á strangar aðhaldsaðgerðir undanfarin tvö ár. Almenningur þar í landi er orðinn langþryggtur á þessum aðgerðum og stjórnin hefur boðað til kosninga fljótlega eftir áramótin.

Í Frakklandi boðaði stjórn Nicolas Sarkozy snemma árs til aðhaldsaðgerða sem fólu meðal annars í sér áform um hækkan

eftirlaunaaldurs um tvö ár. Frakkar efndu mánuðum saman til nær daglegra fjölda-mótmæla gegn þessum aðgerðum stjórnvalda, sem þrátt fyrir sannkallað neyðarástand vegna verkfallsaðgerða voru samþykktar þegar komið var fram í nóvember.

Í Bretlandi þurfti ný ríkisstjórn íhaldsflokksins og Frjálslyndra að draga saman seglin í ríkisfjármálum svo um munar og í Þýskalandi stefnir ríkisstjórn Angelu Merkel að sparnaði upp á 80 milljarða evra næstu þrjú árin.

## HÆGUR BATI

Í Bandaríkjunum hafa efnahagsmálin einnig verið erfið. Framan af árinu virtist sem Bandaríkin væru hægt og rólega að ná sér eftir kreppuna miklu en um mitt ár virtist efnahagsbatinn í hættu og ný kreppa jafnvel í uppsiglingu. Seðlabanki Bandaríkjanna ákvað þá að grípa til róttækra aðgerða og boðaði skuldabréfakaup í stórum

stíl, sem virðist hafa bjargað ríkissjóðnum fyrir horn í bili. Undir lok ársins samþykkti Bandaríkjaþing að veita meira en 800 milljarða dala í skattaafslátt og í atvinnuleysisbætur. Almennt er þó talið að Bandaríkin komist ekki almennilega út úr kreppunni fyrr en eftir nokkur ár.

Rétt eins og Evrópusambandið samþykkti Bandaríkjaþing á árinu nýjar og strangar reglur fyrir viðskiptalíf, sem eiga að tryggja að hvorki slægt eftirlit né áhættusækni bankastjórnenda geti valdið nýju fjármálahruni á borð við það sem gerðist árið 2008. Sett var á laggirnar ný stofnun til verndar viðskiptavinum bankaanna og stjórnvöld fá heimildir til að loka hreinlega stórfyrirtækjum sem stofna efnahagslífi þjóðarinnar í heild í hættu.

## Í ANNAB SÆTI

Á árinu náði Kína þeim áfanga að verða annað stærsta hagkerfi heims, næst á eftir Bandaríkjunum. Kínverjar komust þar fram úr Japönnum sem áratugum saman hafa verið í öðru sætinu á þessum lista. Hagfræðingar spá því að eftir rúman áratug geti Kínverjar einnig komist fram úr Bandaríkjamönnum og verði komnir með stærsta hagkerfið.

Lágt gengi kínverska júansins hefur valdið mikilli spennu á gjaldeyrismörkuðum, jafnvel svo að ótti hefur vaknað um að viðskiptastríð geti hafist. Bæði Bandaríkin og Evrópusambandið kvarta undan því að Kínverjar haldi gjaldmiðli sínum of lágt skráðum, sem kemur kínverskum útflytjendum til góða á kostnað bandarískra og evrópskra framleiðenda.

## BÍLAR

Bílaíðnaðurinn hefur einnig verið töluvert í fréttum á árinu, einkum í tengslum við innkallanir á milljónum bifreiða frá Toyota vegna margvíslegra framleiðslugalla.

Bandaríski bílaframleiðandinn General Motors náði sér hins vegar á strik á árinu eftir gjaldþrot árið 2009, þar sem Bandaríkjaþing hafði komið til bjargar og útvegað 50 milljarða dala frá skattgreiðendum til að halda fyrirtækinu á floti.



## Kæru landsmenn

# Við óskum ykkur gleðilegs árs og farsældar á nýju ári



Jón Ellert Sverrisson hjá Forlaginu tekur við 100. kilju ársins



Samningur við Ríkiskaup var undirritaður



Ísafoldarprentsmiðja hlaut Svansvottun á árinu

Árið 2010 hefur verið viðburðarríkt hjá Ísafoldarprentsmiðju t.d.

- Prentuðum við yfir 140 titla af kiljum á árinu
- Við gerðum rammisamning um prentun við Ríkiskaup
- Við fengum Svansvottun

Við þökkum þennan frábæra árangur traustum hóp viðskiptavina sem hefur farið ört vaxandi sl. ár og vel þjálfuðu og hæfu starfsfólki.

Við þökkum gott samstarf á árinu sem er að líða og hlökkum til að takast á við ný og krefjandi verkefni með ykkur á komandi ári.

**938** fyrirtæki hafa orðið gjaldþrota á þessu ári.

**3.200** nýir félksbílur hafa verið seldir það sem af er ári.

**12%** styrking hefur orðið á gengi íslensku krónunnar á árinu.


## Nýmarkaðsríkjum fjölgar

Búið er við því að á árinu 2011 fjölgi verulega í hópi svokallaðra nýmarksríkja. Hratt vaxandi lönd á borð við BRIC-hópinn svokallaða; Brasilía, Rússland, Indland og Kína, hafa verið vinsæl meðal fjárfesta á undanförunum árum en margir spá því að fleiri lönd bætist í hópinn á árinu 2011. Þá er helst horft til landa í Norður-Afríku, sem vaxið hafa hratt á síðustu árum, til sumra af ríkjunum í Mið-Austurlöndum auk Tyrklands og Víetnams. Þessi lönd gætu reynt áhugaverðir fjárfestingakostir á árinu en eru þó í eðli sínu áhættumeiri en margir aðrir.



## Kína og Indland rísa

Árið 2011 mun eins og síðustu ár markast af því að þungamiðja heimshagkerfisins færast í átt til austurs. Á árinu 2011 mun Kína að öllum líkindum taka fram úr Bandaríkjunum sem stærsti framleiðandi framleiðsluvara í heiminum, nokkuð sem hefði þótt óhugsandi fyrir eins og tveimur áratugum. Auk þess mun hagvöxtur á Indlandi nálgast og jafnvel verða meiri en hagvöxturinn í Kína en margir greinendur telja langtíma vaxtarþögn leika Indlands meiri en Kína.



## Íbúar jarðar sjö milljarðar

Adnan Nevic er ellefu ára gamall strákur frá Sarajevo í Bosníu. Nevic fæddist í Sarajevo tvær mínútur yfir miðnætti hinn 12. október 1999 og komust Sameinuðu þjóðirnar að þeirri niðurstöðu að hann væri 6. milljarðasti íbúi jarðarinnar. Þegar Nevic verður tólf ára, hinn 12. október 2011, er þess að vænta að íbúar jarðarinnar verði orðnir 7 milljarðar en það er talið gerast í fyrsta lagi um mitt ár.



# Nýr lífsstíll á nýju ári

Náðu árangri með okkur - ný námskeið að hefjast.



### Lúxusnámskeið NordicaSpa

Fjögurra vikna átaksnámskeið.

Á námskeiðinu aukum við brennsluna, bætum meltinguna, aukum styrk og þol og þú nærð þeim markmiðum sem þú setur þér! Ítarleg næringarráðgjöf, matseðlar, mælingar, mikið aðhald og eftirfylgni.

Þjálfari: Gunnar Már Sigfússon, heilsugúrú.

Námskeið hefst 10. janúar.



### Styrkjum stoðkerfið


Fyrir fólk með stoðkerfisvandamál.

12 vikna námskeið með eftirfylgni í ár í tækjasal með þjálfara.

Hentar þeim sem eru með bakverki, axlameiðsl, gigt eða afleiðingar veikinda eða slysa. Markmið námskeiðsins er að vinna með hverjum og einum og finna þá hreyfingu sem honum hentar sem bætir liðan, heilsu og lífsgæði. Mikil fræðsla, einstaklingsmiðuð æfingaáætlun, leiðsögn og umhyggja.

Kennari: Vilhjálmur Skúli Steinarsson, íþróttafraeðingur.

Námskeið hefst 11. janúar.



### Ungt fólk (16-25 ára)

Fyrir þá sem vilja breyta um lífsstíl.

12 vikna námskeið með eftirfylgni í ár í tækjasal með þjálfara.

Fyrir þá sem vilja breyta lífsstílnum, hefur lítið hreyft sig og/ eða glímir við umframþyngd eða aðra lífsstílstengda sjúkdóma s.s. gigt og verki í stoðkerfi. Skemmtilegt, árangursríkt námskeið þar sem æfingaáætlunin er sniðin að getu hvers og eins. Góður félagskapur, mikið aðhald, stuðningur, fræðsla og eftirfylgni.

Kennari: Vilhjálmur Skúli Steinarsson, íþróttafraeðingur.

Námskeið hefst 11. janúar.



### Meðlimskort NordicaSpa

Nýttu þér kosti kortsins - miklu meira en bara aðgangskort. Með kortinu færð þú:

- Aðgang að einkaþjálfara í tækjasal
- Sérniðna æfingaáætlun
- Mælingar, aðhald og eftirfylgni
- Aðgang að fjölbreyttum tímum
- Handklæði við hverja komu
- Herða- og höfuðnudd í heitum pottum
- Aðgang að Spa-svæði með vatnsgufu
- Aðgang að sauna, hvíldarlaug og heitum pottum,
- Afslátt af allri þjónustu og lokuðum námskeiðum
- Persónulega þjónustu og einstaklega hlýlegt viðmót

### 28 daga hreinsun

Hreinsun með mataræði og hreyfingu.

Á námskeiðinu hreinsum við líkamann af óæskilegum eiturefnum, aukum getu hans til að vinna rétt úr fæðunni, aukum liðleika og styrk og komum þér af stað í nýjan lífsstíl.

Ítarleg næringarráðgjöf, fræðsla, aðhald og eftirfylgni.

Þjálfari: Sigríður Guðjohnsen, jógakennari.

Námskeið hefst 10. janúar.

### Lífsgæði 60+

Heilsunámskeið fyrir 60 ára og eldri.

12 vikna námskeið með eftirfylgni í ár í tækjasal með þjálfara.

Námskeið fyrir fólk sem vill auka lífsgæði sín á efri árum og er að glíma við lífsstílstengda sjúkdóma eins og of háan blóðþrygning, umframþyngd, gigt, sykursýki ofl. Skemmtileg hreyfing við hæfi hvers og eins í góðum félagskap.

Mikill stuðningur, leiðsögn, fræðsla og umhyggja.

Kennari: Vilhjálmur Skúli Steinarsson, íþróttafraeðingur.

Námskeið hefst 11. janúar.

### Léttara líf

Námskeið fyrir fólk í umframþyngd.

12 vikna námskeið með eftirfylgni í ár í tækjasal með þjálfara.

Árangursríkt einstaklingsmiðuð námskeið þar sem æfingaáætlun tekur mið af getu og ástandi hvers og eins. Mikill stuðningur, hvatning, fræðsla, aðhald, eftirfylgni og umhyggja.

Kennari: Vilhjálmur Skúli Steinarsson, íþróttafraeðingur.

Námskeið hefst 11. janúar.



## Komdu í hóp ánægðra viðskiptavina!

NordicaSpa er heilsulind á heimsmælikvarða sem veitir fyrsta flokk þjónustu í rólegu og þægilegu andrúmslofti. Við leggjum áherslu á bæði andlega og líkamlega velliðan.

Hafðu samband í síma 444 5090 eða kíktu á heimasíðu okkar, [www.nordicaspa.is](http://www.nordicaspa.is), til að kynna þér fleiri námskeið í boði.

**Þinn árangur - okkar metnaður!**

N O R D I C A S P A

Nordica Spa - Hilton Reykjavík Nordica - Suðurlandsbraut 2  
108 Reykjavík - Sími 444 5090 - [www.nordicaspa.is](http://www.nordicaspa.is)



SAMSUNG R530-JA06SE

**SAMSUNG** GLÆSILEG FARTÖLVA

- 15,6" LED skjár glossy 1366 x 768
- Örgjörvi: Celeron T3300
- Skjákort: Intel GMA 4500 dual core
- Vinnsluminni: 2GB · Harður diskur: 250GB
- Drif: DVD-RW
- Tengir: HDMI, USB2, Headphone út, Mic, VGA,
- Myndavél: 1,3 megapixel
- Styrikerfi: Windows 7 Home
- Rafhláða: 6 cellur

**VERÐ: 89.900,-**

**FRAMÚRSKARANDI GÆÐI · FJÁRFESTING TIL FRAMTÍÐAR**

SAMSUNG CLP-315W

**LITA-LASERPRENTARI**

- Prenthraði: 16 bl./mín. í svarhvítu, 4 bl./mín. í lit
- Fyrsta blaðsíða út: 14-26 sek
- Upplausn: 2400x600dpi
- Pappirbakki inn: 150 blöð
- Pappirbakki út: 100 blöð
- Minni: 32MB · Hljóðmagn: <49dB
- Stuðningur: Windows, Mac OS 10 og Linux
- Tenging: USB 2.0 · WI-FI
- Þráðlaus net-tenging

**TILBOÐSVERÐ: 39.900,-**  
VERÐ ÁÐUR: 59.900,-

SAMSUNG ML-1660

**LASER-PRENTARI**

- Prenthraði: 16 bl./mín.
- Fyrsta blaðsíða út: 8,5 sek.
- Upplausn: 1200x600dpi
- Pappirbakki inn: 150 blöð
- Pappirbakki út: 100 blöð
- Stuðningur: Windows, Mac OS og Linux
- Tenging: USB

**TILBOÐSVERÐ: 15.900,-**  
VERÐ ÁÐUR: 23.900,-

**ORMSSON**

SKRIFSTOFUVÖRUR · SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2800